ANTIKVA EHF 2025

# Heiði í Mýrdalshreppi

## Fornleifaskráning vegna skógræktar

**Hermann Jakob Hjartarson, Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir**





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Leið [3457-622]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-73-4

Verkefnanúmer MÍ: 3457

Ljósmyndir og flygildismyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Hermann Jakob Hjartarson, Rúna K. Tetzschner, og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit


Inngangur ........ 8

Fornleifaskráning ........ 9

Skráningarsvæðið ........ 9

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 10

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 13

Minjanúmer ........ 13

Staðsetning ........ 14

Tegund, hlutverk og heiti ........ 14

Staðhættir og lýsing ........ 14

Hættumat ........ 14

Mótvægisaðgerðir ........ 15

Fornleifar á svæðinu ........ 16

Stóra-Heiði [222] og Litla-Heiði [223] ........ 16

Kárasel [3457-601] tóft ........ 18

Leið [3457-622] gata ........ 20

Kárasel – óþekkt [3457-600] tóft ........ 20

Kárasel – óþekkt [3457-623] þúst ........ 21

Leið [3457-624] gata ........ 22

Kárhólmi – eyðibýli [3457-602] bæjarstæði ........ 24

Matjurtagarður [3457-603] garðlag ........ 26

Traðir [3457-604] gata ... 26
Útihús [3457-605] tóft ... 28
Aðhald [3457-606] garðlag ... 28
Aðhald – stekkur [3457-607] tóft ... 30
Útihús [3457-608] tóft ... 30
Þjóðleið [3457-609] gata ... 32
Útihús [3457-610] tóft ... 33
Útihús [3457-611] tóft ... 35
Sel? [3457-612] tóft ... 36
Útihús [3457-613] tóft ... 37
Útihús [3457-614] tóft ... 38
Óþekkt [3457-615] þúst ... 39
Túngarður [3457-616] garðlag ... 40
Garður [3457-625] garðlag ... 40
Útihús [3457-617] tóft ... 41
Útihús [3457-618] tóft ... 42
Leið [3457-619] gata ... 43
Leið [3457-620] gata ... 44
Samgöngubót [3457-621] varða ... 45
Samantekt og niðurstöður ... 46
Heimildir ... 48

Árnastofnun – Örnefnasafn ..... 48

Þjóðskjalasafn Íslands..... 48

## Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands..... 12

Mynd 2. Kárasel tóft [3457-601]..... 18

Mynd 3. Leið [3457-622] hlykkjast hér norður í átt að gilinu þar sem tóft [3457-601] frá Káraseli er staðsett. ..... 20

Mynd 4. Bæjarstæðið [3457-602] er í forgrunni og þar fyrir aftan sjást matjurtagarðar [3457-603]. Til hægri á myndinni er hluti af tröðunum [3457-604]..... 24

Mynd 5. Horft yfir tvískiptan matjurtagarð [3457-603] að bæjartóftum [3457-602]. ..... 26

Mynd 6. Horft vestur eftir tröðunum [3457-604] við Kárhólma..... 27

Mynd 7. Tóft [3457-605] ..... 28

Mynd 8. Aðhald [3457-606] og tóft [3457-605]. ..... 29

Mynd 9. Tóft [3457-607]. ..... 30

Mynd 10. Tóft [3457-608] sést fremst. ..... 31

Mynd 11. Brot úr herforingaráðskorti frá 1904. Gamla þjóðleiðin [3457-609] lá um Vatnsársund, þaðan að Kárhólma og svo suðuaustur um Kerlingardalsflatir. ..... 32

Mynd 12. Tóft [3457-610]. ..... 33

Mynd 13. Tóft [3457-611]. ..... 35

Mynd 14. Tóft [3457-612]. ..... 36

Mynd 15. Tóft [3457-613]. ..... 37

Mynd 16. Tóft [3457-614]. ........ 38

Mynd 17. Þúst [3457-615]. ........ 39

Mynd 18. Suðurhluti túngarðs [3457-616] er upp við nýlegan veg sem rýfur hann á einum stað. ........ 40

Mynd 19. Tóft [3457-617]. ........ 41

Mynd 20. Tóft [3457-618]. ........ 42

Mynd 21. Leið [3457-619]. ........ 43

Mynd 22. Leið [3457-620]. ........ 44

Mynd 23. Varða [3457-623]. ........ 45

## Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. ........ 2

Kort 2. Skráningarsvæðið er rauði flákinn. ........ 9

Kort 3. Skráningarsvæðið, minjar innan þess og við suðurmörkin. ........ 16

Kort 4. Tóft [3457-601] sem líklega tengist Káraseli er við læk í litlum dalskorningi. Leið [3457-622] liggur að tóftinni. ........ 17

Kort 5. Minjar [3457-600] og [3457-623]. ........ 21

Kort 6. Minjar í og við tún Kárhólma. ........ 23

Kort 7. Bæjarhúsin [3457-602], matjurtagarðar [3457-603] og traðir [3457-604]. ........ 25

Kort 8. Aðhald [3457-606] og tóft [3457-605]. ........ 29

Kort 9. Tóft [3457-608]. ........ 31

Kort 10. Tóft [3457-610]. ........ 34

Kort 11. Minjar í túni Kárhólma. Hlutar túngarðsins [3457-616] sjást efst og neðst. ........ 34

# Inngangur

Að beiðni Ríkeyjar Ástu Þorsteinsdóttir, hjá Ygg ehf. fyrir hönd landeiganda að Heiði, tók Ragnheiður Traustadóttir að sér, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna skógræktar á hluta jarðarinnar sem er utan bæjarstæðisins. Skráningin fékk verknúmerið 3457 hjá Minjastofnun Íslands.

Skráðar voru 26 minjar og eru átta þeirra innan skógræktarsvæðisins. Þar á meðal eru tóftir frá Káraseli og fjórar leiðir. Minjar fast utan við svæðið eru flestar kringum bæjarstæði Kárhólma, hjáleigu Stóru-Heiði. Þar eru tóftir frá bænum, útihúsum, túngarður og traðir en búskap var hætt rétt fyrir aldamótin 1900. Einnig er þar tóft sem gæti verið frá fornu seli og fleiri af nyrðri tóftunum eru sennilega frá eldra búskaparstigi frá því fyrir tíma hjáleigunnar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráning

Engin fornleifaskráning hafði áður farið fram á jörðinni. Við þessa skráningu var í fyrsta sinn gengið skipulega um landareignina og leitað að minjum, í samræmi við nýjustu viðmið og verklagsreglur Minjastofnunar Íslands. Allar minjar voru staðsettar og mældar upp á vettvangi.

# Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið er um 1,5 km². Það er um 3 km norðaustur frá bæjarstæði Litlu-Heiði. Norðurhluti svæðisins er á milli Skjólkambs og Heiðargilsár. Svæðið mjókkar til suðurs og endar rétt við Kárhólma og Vatnsársund.




**Kort 2. Skráningarsvæðið er rauði flákinn.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

| | |
|---|---|
| Id | 601 |
| Name | sel |
| Class | Arkeologiska object |
| eldra_minj_id | ekki skráð áður |
| minj_Id | 3457-601 |
| verkefna nr | 3457 |
| sérheiti | Kárasel |
| bæjarnafn | Litla-Heiði |
| jarðatal Johnsen | 223 |
| minjaflokkur | selsminjar |
| tegund | <None> |
| efni | torf og grjót |
| verndun | friðað |
| lengd | 4.4 meter |
| breidd | 3.2 meter |
| veggjahæð frá | 0.4 m |
| veggjahæð til | 0.8 m |
| breidd veggjar | 1 m |
| umhverfi | gras- og mólendi |
| Svæði | <None> |
| Túnakort | nei |
| aldur frá | 1000 |
| aldur til | 1750 |
| skráning | RT-RKT-HJH |
| Mæling | uppmæling |
| heimsótt | 01.07.2025 |
| Horfin | nei |
| horfin_astæða | <None> |
| hættumat | <None> |
| hættuorsök | <None> |
| hætta v. tilefnis | vegna skógræktar |
| ástand | greinanlegar |
| minjagildi | mikið |
| verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| Sveitarf | Mýrdalshreppur |
| Hlutverk | sel |

**Mynd 1. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum

breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Stóru-Heiði [222] og Litlu-Heiði [223] og er vísað til jarðanna með númerum úr *Jarðatali* Johnsens frá árinu 1847. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Kárhólmur „[3457-602]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer

Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Suðurlandi.

### Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Suðurlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis stekk. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis traðir [3457-604].

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman

að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Hætta vegna tilefnis þýðir að fornleifum stafi hætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem við skógrækt eða nýbyggingar.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki eru engar fornleifar sem hafa horfið.

## Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

# Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Skráningarsvæðið, minjar innan þess og við suðurmörkin.**

# Stóra-Heiði [222] og Litla-Heiði [223]

Í *Jarðatali* Johnsens árið 1847 er Litla-Heiði skráð sem hjáleiga frá jörðinni Heiði sem var þá 12 hundraða lénsjörð. Litlu-Heiði er líka getið í jarðabók árið 1760 og er þá komin í byggð.[1] Stóra-Heiði eins og meginjörðin hefur síðan verið nefnd til aðgreiningar frá Litlu-Heiði hefur verið í ábúð lengur. Heiði er nefnd í máldaga Þykkvabæjarklausturs árið 1340 og var þá í eigu klaustursins. Einnig kemur hún fyrir í máldaga Maríukirkju að Reyni í Mýrdal frá svipuðum tíma er þar kveðið á um að presturinn þar skuli syngja 12 messur á Heiði og taka hálfa mörk

[1] Johnsen, 1847, bls. 13.

fyrir. Samkvæmt því hefur á þessum tíma verið bænhús eða fjórðungskirkja á jörðinni. Heiði hélst í eigu klaustursins fram yfir siðaskipti en varð eftir það konungseign.[2]

Selsminjar á svæðinu [3457-601], [3457-622], [3457-600] og [3457-623] heyra samkvæmt einni heimild frá 1972 undir Litlu-Heiði[3] en upphaflega hefur selstaðan þó að öllum líkindum verið frá Stóru-Heiði. Eyðibýlið Kárhólmi og aðrar minjar eru einnig í landi hennar.




**Kort 4. Tóft [3457-601] sem líklega tengist Káraseli er við læk í litlum dalskorningi. Leið [3457-622] liggur að tóftinni.**

[2] Óbyggðanefnd, 2004, 658.
[3] Einar H. Einarsson, 1972, bls. 24.



**Mynd 2. Kárasel tóft [3457-601].**

## Kárasel [3457-601] tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Eftir Eystra-Leynisgili, sem nær alla leið ofan úr Skjólkambi, rennur Leynislækur. Þar fyrir austan eru víðáttumiklar valllendisflatir, sem heita Káraflatir. Þær ná upp að Skjólkambi og inn að Djúpaskurði og austur að Kárabrúnum. Innst í þeim er ból, sem heitir Kárasel. Þetta er austur við Heiðargilsána, og þar eru greinileg merki manna. Skammt þar sunnar er Káramýri. Kárasel er skammt sunnar en Djúpiskurðurinn kemur niður á Aurinn.“[4]

[4] *Örnefnaskrá Heiði*, bls. 5.

Sagt er frá Káraseli í tímaritinu *Goðasteini* 1972:

> Austur við Heiðargilsá, suðaustur af Skjólkambi, er ból, sem geymir allmikil handaverk manna. Það heitir Kárasel. Þar suður af er Káramýri og Kárhólmi, þar sem um tíma var bær. Austan við Kerlingardalsá þar til suðausturs eru Káraflatir. Allt á þetta eftir munnmælum að draga nafn af því, er sagt er frá í Njálssögu, að Kári barðist við brennumenn austan við ána. Í Káraseli er talið, að hafi verið haft í seli frá Litlu-Heiði. Móta sér fyrir því, er gætu hafa verið kvíar, skammt frá bólinu.[5]

Ekki þarf að taka afstöðu til þess hvort selið, bærinn [3457-602] og önnur kennileiti séu öll kennd við Kára Sölmundarson í Njálu eins og þarna er talið en örnefnaskýringin er að því leyti dæmigerð að þarna er reynt að tengja örnefni við nafntogaðan einstakling. Ekki verður heldur fullyrt að tengsl séu milli örnefnanna Kárasel og Kárhólmi eða Kárahólmur eins og bærinn er nefndur í elstu heimildum en það virðist þó líklegt. Leiða má getum að því að Kárasel hafi einhvern tímann verið staðsett þar sem býlið Kárahólmur reis rétt fyrir miðbik 19. aldar. Að minnsta kosti er sennilegt að seljabúskapur frá Heiði hafi verið á svæðinu frá fornu fari og að selið hafi verið á mismunandi stöðum.

Þegar gengið er upp með Heiðagilsá verður fyrir lítið dalverpi með læk og má þar sjá eina sokkna og fornlega tóft. Hún er 4,4 x 3,2 m að stærð og veggir eru 0,4-0,8 m háir, hærri frá botni en að utanverðu þar sem þeir renna nánast saman við umhverfið. Tóftin snýr að læknum og er inngangur á suðurgafli. Ætla má að fleiri tóftir leynist undir yfirborði þarna í kring en svæðið er þýft og ógreinilegt.

[5] Einar H. Einarsson, 1972, bls. 24.



**Mynd 3. Leið [3457-622] hlykkjast hér norður í átt að gilinu þar sem tóft [3457-601] frá Káraseli er staðsett.**

## Leið [3457-622] gata

Leið [3457-622] liggur norður meðfram Heiðargilsá og beygir angi frá henni vestur inn gilið þar sem tóft [3457-601] fannst frá Káraseli. Líklega er þetta gamla selgatan.

## Kárasel – óþekkt [3457-600] tóft

Ógreinileg tóft [600] er rétt við vegslóða sem hefur verið lagður yfir leið [624] sem liggur niður að Heiðargilsá. Tóftin er u.þ.b. 14 x 7 m að stærð og frekar sokkin. Ekki er ljóst hvert hlutverk hennar hefur verið en þarna gæti verið annað sel. Seljabúskapur hefur verið stundaður frá Heiðabæjunum öldum saman og er líklegt að Kárasel hafi ekki alltaf verið á sama stað. Á örnefnakorti Landmælinga Íslands er það enda merkt inn á tveimur stöðum.

Syðri staðsetningin er á svipuðum slóðum og tóft [3457-600] en sú nyrðri hins vegar þar sem tóft [3457-601] er.[6]




**Kort 5. Minjar [3457-600] og [3457-623].**

## Kárasel – óþekkt [3457-623] þúst

Um 80 metra norðan við tóft [600] eru þústir. Svæðið er mjög ógreinilegt en útlit þess gefur til kynna að þarna séu fornleifar. Það er um 20 x 18 m að stærð og er metið út frá loftmyndum frá 1975 og 1990 þar sem virðist mega sjá minjar. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða en kannski hefur það tengst seljabúskapnum á jörðinni.

[66] *Örnefnakort Landmælinga Íslands*.




### Leið [3457-624] gata

Forna leið [624] má greina dauflega á loftmyndum frá 1975 og 1990, en akstursvegur hefur síðan verið lagður á svipuðum slóðum og er hún því að mestu horfin. Gamla leiðin hefur legið að tóft [3457-600] og þúst [3457-623] sem líklega eru minjar frá Káraseli. Lítil ummerki sjást nú á vettvangi um þessa leið.




**Kort 6. Minjar í og við tún Kárhólma.**

## Kárhólmi – eyðibýli [3457-602] bæjarstæði

Eyðibýlið Kárhólmi er austast í Heiðardal. Jörðin er ekki í *Jarðatali* Johnsens sem byggir á gögnum frá árinu 1842 og gefur það til kynna að bærinn hafi ekki verið komin í byggð þá.[7] Líklega hefur hann byggst á árabilinu 1843-1844 því í manntali árið 1845 er hann skráður sem hjáleiga frá Stóru-Heiði og þá bjuggu þar þrjár manneskjur.[8] Í manntali árið 1880 voru íbúarnir fimm, hjón og þrjú börn þeirra.[9] Athyglisvert er að í þessum heimildum er staðurinn ekki nefndur Kárhólmi heldur Kárahólmur sem er þá líklega eldri mynd nafnsins. Býlið var yfirgefið árið 1896 og var síðasti ábúandinn Jón Árnason (f. 1862).[10]



**Mynd 4. Bæjarstæðið [3457-602] er í forgrunni og þar fyrir aftan sjást matjurtagarðar [3457-603]. Til hægri á myndinni er hluti af tröðunum [3457-604].**

Af heimildum að dæma hófst föst búseta á staðnum ekki fyrr en rétt um miðbik 19. aldar og varði einungis í hálfa öld. Hins vegar er ekki óhugsandi að þar hafi áður verið selstaða með

[7] Johnsen, 1847, bls. iii.
[8] *Manntal 1845: Kárahólmur*.
[9] *Manntal 1880: Kárahólmur*.
[10] *Sunnlenskar byggðir* VI, 1985, bls. 421.

árstíðabundinni búsetu og gætu nafnalíkindin *Kárasel – Kárahólmur* stutt þá hugmynd að umrætt sel hafa einhvern tímann verið á þeim slóðum þar sem býlið reis síðar.

Í örnefnalýsingu er bænum lýst svo: „Mýrin nær niður að Kárhólmatúni, en þar stóð bærinn Kárhólmar, og eru tætturnar nefndar Kárhólmatættur.“[11] Eftir að hún fór úr ábúð hefur jörðin verið nytjuð til beitar frá Litlu-Heiði.

Bæjarhúsin eru 30 x 10 metrar að stærð og skiptast þau í fjögur rými. Greina má inngang í eystri rýmin en ekki í þau tvö vestustu. Í veggjum sjást sums staðar grjóthleðslur og grjót sem hefur hrunið úr þeim liggur fyrir framan eystri rýmin. Veggjahæð er á bilinu 0,5-1,5 m en breiddin 0,7-1,5 m.




**Kort 7. Bæjarhúsin [3457-602], matjurtagarðar [3457-603] og traðir [3457-604].**

[11] *Örnefnaskrá Heiði*, bls. 5.



**Mynd 5. Horft yfir tvískiptan matjurtagarð [3457-603] að bæjartóftum [3457-602].**

## Matjurtagarður [3457-603] garðlag

Tvíhólfa matjurtagarður er fast sunnan við bæjarhúsin. Hann er 21 x 10 m að stærð. Hæð veggja er 0,5-0,8 m og breiddin er 0,6-1 m.

## Traðir [3457-604] gata

Traðirnar liggja að bæjarstæðinu vestan megin og tengjast við þjóðleið [3457-609] til vesturs. Hlaðinn traðarveggur er sýnilegur meðfram þeim sunnan megin en ekki að norðan. Sjálfar traðirnar eru 17 m langar og traðarveggurinn 0,4-1 m að hæð og um 1 m að breidd. Hann endar í náttúrulegum bakka.



**Mynd 6. Horft vestur eftir tröðunum [3457-604] við Kárhólma.**



**Mynd 7. Tóft [3457-605]**

## Útihús [3457-605] tóft

Tóft [3457-605] er sambyggð aðhaldi [3457-606] vestan megin. Hún mælist 5,3 x 4,8 m að stærð, með veggjum sem eru 0,3–1,2 m á hæð og um 1 m á breidd. Inngangur í tóftina er á suðausturvegg. Þarna er væntanlega leifar af skepnuhúsi sem hefur verið byggt úr torfi og grjóti. Tóftin virðist vera frá sama tíma og bæjarhúsin sem eru 10 m austar.

## Aðhald [3457-606] garðlag

Aðhald [3457-606] er sambyggt tóft [3457-605]. Aðhaldið er 13 x 10 m að stærð og er opið til austurs. Garðurinn er 0,2-0,5 m m hár og 0,6-1 m að breidd.



**Mynd 8. Aðhald [3457-606] og tóft [3457-605].**




**Kort 8. Aðhald [3457-606] og tóft [3457-605].**



**Mynd 9. Tóft [3457-607].**

## Aðhald – stekkur [3457-607] tóft

Tóft [3457-607] er á bakkabrún austan við leið [3457-619]. Hún er tvíhólfa og opin til vesturs. Mannvirkið hefur verið byggt í svolitlum halla í þá átt. Það er 8,6 x 4 að stærð og veggir 0,5-0,7 m að hæð og 0,7-1 m breiðir. Þetta gæti verið tóft af húsi, litlu aðhaldi eða stekki.

## Útihús [3457-608] tóft

Tóft [3457-608] er norður af bæjarhúsunum, í um 20 m fjarlægð. Hún liggur austur – vestur og er með tveimur rýmum og innangengt á milli.  Tóftin er opin til austurs. Hún er 9,5 x 5 m að stærð og veggir hennar 0,6-1 m háir og 0,5-1 m breiðir. Líklega er um skepnuhús að ræða.



**Mynd 10. Tóft [3457-608] sést fremst.**




**Kort 9. Tóft [3457-608].**



**Mynd 11. Brot úr herforingaráðskorti frá 1904. Gamla þjóðleiðin [3457-609] lá um Vatnsársund, þaðan að Kárhólma og svo suðuaustur um Kerlingardalsflatir.**[12]

## Þjóðleið [3457-609] gata

Gamla þjóðleiðin [3457-609] lá um bæjarstæði Kárhólma. Hún lá um Heiðardal frá Litlu-Heiði yfir mýrlendi, þaðan um Vatnsársund og þaðan að Kárhólma. Frá Kárhólma var farið til suðausturs um Kerlingadalsflatir og að Höfðabrekkuheiði. Fjallað er um leiðina í bókinni Fornar leiðir í Vestur-Skaftafellssýslu og þar er hún kölluð: *Frá Litlu-Heiði í Heiðardal „austur með sundum*.“[13]

Í örnefnalýsingu er sagt frá leiðinni: „Neðan við túnið er mýrarsund. Í því er stórt dý, sem skepnur hafa oft farizt í, það heitir Kárhólmadý . „Yfir sundið liggur Kárhólmabrú, leifar eftir gamla þjóðleið.“[14]

[12] *Herforingjaráðskort Dana*, nr. 1904-1-22. Hjörleifshöfði nv.
[13] Vera Roth, 2018, bls. 141-142.
[14] *Örnefnaskrá Heiði*, bls. 5.



**Mynd 12. Tóft [3457-610].**

## Útihús [3457-610] tóft

Tóft [3457-610] er 120 m norðaustan við bæjarhúsin, austan við vegslóða sem þar er nú. Hún er 6 x 5 m að stærð og hæð veggja er 0,6-0,8 m og breidd um 1 m. Inngangur er á vesturhlið. Mannvirkið virðist vera gert úr torfi.




**Kort 10. Tóft [3457-610].**




**Kort 11. Minjar í túni Kárhólma. Hlutar túngarðsins [3457-616] sjást efst og neðst.**



**Mynd 13. Tóft [3457-611].**

## Útihús [3457-611] tóft

Tóft [3457-611] er nyrsta tóftin á minjasvæðinu við Kárhólma, í 140 m fjarlægð frá bæjarstæðinu. Hún er 10 x 6,5 m að stærð og hæð veggja er 0,2-0,8 m, mest að innanverðu. Veggirnir eru um 1,2 m að breidd. Tóftin liggur austur – vestur og inngangur í hana er að austanverðu. Hún virðist vera úr torfi og grjóti.



**Mynd 14. Tóft [3457-612].**

## Sel? [3457-612] tóft

Tóft [3457-612] er 25 m norðaustan við bæjarstæðið. Hún virðist vera úr torfi og grjóti og er 8,4 x 7,8 m að stærð. Veggjahæð er 0,2-0,7 m, mest að innanverðu, og breiddin um 0,7 m. Tóftin hefur frekar óreglulega lögun en þó er líklegt að tvö rými hafi verið í henni, hið minnsta, og líklega fleiri. Hún er mosavaxin og fornleg að sjá og sker sig frá grasi grónum útihúsatóftum næst Kárhólmabænum sem eru hver annarri líkar. Ekki er óhugsandi að þessi tóft sé eldri en bærinn sjálfur og gætu þarna mögulega verið minjar frá gömlu seli.



**Mynd 15. Tóft [3457-613].**

## Útihús [3457-613] tóft

Tóft [3457-613] er 112 m norður af bæjarstæðinu. Um er að ræða tvíhólfa tóft, 10 x 10 m að stærð. Hæð veggja er 0,2-0,7 m og breiddin um 0,7-1 m. Bæði hólfin eru opin til austurs. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en líklegast er um útihús að ræða. Tóftin virðist vera úr torfi og grjóti.



**Mynd 16. Tóft [3457-614].**

## Útihús [3457-614] tóft

Lítil tóft úr torfi og grjóti, 6 x 5 m að stærð, er staðsett 100 m norður af bæjarstæðinu. Hæð veggja er 0,2-0,5 m og breiddin 0,7-1 m. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt.

## Óþekkt [3457-615] þúst



**Mynd 17. Þúst [3457-615].**

Lítil þúst er um 6 m suður af tóft [3457-614]. Þústin er um 0,2-0,6 m á hæð og 4 x 3 m að stærð. Ekki er ljóst hvort um fornleifar er að ræða en það er líklegt.



**Mynd 18. Suðurhluti túngarðs [3457-616] er upp við nýlegan veg sem rýfur hann á einum stað.**

## Túngarður [3457-616] garðlag

Túngarðurinn er 0,3 til 0,6 m að hæð og 0,5 m að breidd. Sýnilegastur er hann við suðurhluta túnsins þar sem hann er 116 m langur. Austurendinn hefur þó verið rofinn þegar lagður var vegur í gegnum hann. Að nokkru leyti má segja að túngarðurinn og hlaðni traðarveggurinn við traðirnar [3457-604] rammi túnið inn sunnan bæjarins. Lítið garðlag [3457-625] í norðurhluta túnsins gæti þó mögulega verið hluti af túngarði líka.

## Garður [3457-625] garðlag

Norðan bæjartóftanna er um 16 m langt garðlag [3457-625] sem stendur eitt og sér. Ekki verður séð hvaða tilgangi það hefur þjónað en þetta gæti verið brot af túngarði.



**Mynd 19. Tóft [3457-617].**

## Útihús [3457-617] tóft

Tóft [3457-617] er uppi á hæð fyrir ofan túnið rétt vestan við tóftir [613 og 615]. Eitt rými er í henni sem er 8 x 5,5 m að stærð. Tóftin er opin til suðausturs. Veggir hennar eru 0,5-0,8 m að hæð og breidd þeirra 2-2,5 m. Tóftin virðist vera úr torfi og grjóti. Hlutverk er óþekkt en þetta er sennilega útihús.



**Mynd 20. Tóft [3457-618].**

## Útihús [3457-618] tóft

Tóft er byggð upp við utanverðan túngarð sunnan túnsins. Stærð hennar er um 6 x 5 m, en hún hefur sennilega verið stærri, því vesturhlutinn hefur verið fjarlægður þegar vegur var lagður í gegnum hana. Hæð veggja er 0,5-0,8 m og breidd um 1 m. Tóftin er líklega úr torfi og grjóti.



**Mynd 21. Leið [3457-619].**

## Leið [3457-619] gata

Leið [3457-619] er um 84 m að lengd. Hún liggur frá bæjarstæði Kárhólma og norður um gróna lægð milli hóla eða hæða, þar sem hún sameinast leið [3457-620]. Um er að ræða forna leið sem liggur vestan við tóft [617].

## Leið [3457-620] gata



**Mynd 22. Leið [3457-620].**

Leið [3457-620] er um 750 m að lengd. Hún liggur frá bæjarstæði Kárhólma og norður að nýlegum vegslóða. Leiðin fer vestan við hæðina þar sem leið [3457-619] liggur, og sameinast þær norðan við hæðina. Leiðin hefur upphaflega legið mun lengra norður og sameinast leið [3457-622], sem lá í selið [601]. Nýlegur vegslóði hefur verið lagður yfir þessar leiðir. Það má greinar þær loftmyndum frá 1975 og 1990, þó dauflega.

## Samgöngubót [3457-621] varða



**Mynd 23. Varða [3457-623].**

Varða [3457-621] stendur á jarðföstum steini. Hún er um 0,5 m há og um 1 m á breidd, gróin grasi og blómum og virkar fornleg. Talið er að hún hafi markað leið sem lá um svæðið upp í sel, eða þau sel sem verið hafa þar í nágrenninu. Leiðin sést dauflega á loftmyndum frá 1975 og 1990, en nýr vegslóði hefur verið lagður um svipaðar slóðir og er leiðin því að mestu horfin. Hún tengist leið [622], sem liggur í Kárasel nyðra, og leið [624], sem fer að meintu seli syðra [600 og 623], auk leiðar [620], sem liggur suður að bæjarstæði Kárhólma

## Samantekt og niðurstöður

Samtals voru skráðar 26 fornleifar. Þær eru allar sýnilegar á vettvangi og eru allar eldri en 100 ára gamlar og því aldursfriðaðar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar.

Sumar minjarnar eru líklega umtalsvert eldri en 100 ára og á það við þær sjö minjar sem eru innan hins eiginlega skráningarsvæðis. Þetta eru tóftir [3457-600] og [3457-601], þúst [3457-623] sem ætla má að séu frá Káraseli á mismunandi tímum og gömlu selgöturnar, [3457-622] og [3457-624]. Sú síðarnefnda er mjög ógreinileg en aksturvegur liggur á svipuðum slóðum. Að auki eru þarna þrjár aðrar leiðir: [3457-609], [3457-619] og [3457-620]. Seljatóftirnar eru illgreinanlegar og sokknar og eru að öllum líkindum fornar. Samkvæmt heimildum var Kárasel nýtt frá Litlu-Heiði, hjáleigu sem byggðist frá Heiði eða Stóru-Heiði á 18. öld. Seljabúskapur á staðnum hefur þó líklega byrjað löngu fyrr og þá frá meginjörðinni sem var komin í byggð fyrir tíma hjáleigunnar. Þessar minjar um fornar selstöður hafa mjög mikið minjagildi. Leiðirnar á svæðinu hafa einkum minjagildi í samhengi við aðrar minjar á svæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. menningarminjalaga þarf að gera ráð fyrir friðhelgu svæði í kringum fornleifar, 15 m í allar áttir út frá ystu sýnilegu mörkum. Vegna þess að hér stendur til að ráðast í skógrækt og gera má ráð fyrir að skógurinn breiði úr sér er þó mælst til þess að fjarlægðarmörkin séu aukin í 20 m.

Í og við bæjartún Kárhólma fast utan við skráningarsvæðið voru skráð 17 fornleifar Af heimildum að dæma hefur bærinn verið í byggð frá því um 1844 til 1896. Þarna er mikilsverð minjaheild sem gefur ákveðna mynd af búskaparháttum alþýðukots á síðari hluta 19. aldar. Tóftirnar hafa fengið að vera nánast ósnortnar og bera þess merki því þær hafa smám saman samlagast túninu og umhverfinu. Óvenjulegt er að fyrir utan lítils háttar vegagerð hefur varla verið átt við þessar minjar síðan búskap lauk. Þarna eru tóftir af bæ [3457-602], tvískiptum matjurtagarði [3457-603] og aðhöldum, [3457-606] og [3457-607], traðir [3457-604] og túngarðar, [3457-616] og [3457-625]. Auk þess eru á svæðinu níu aðrar tóftir sem hljóta að vera af mismunandi útihúsum og verður sá fjöldi að teljast óvenjulegur miðað við að ábúðartími bæjarins náði einungis yfir hálfa öld. Þetta vekur grun um að þarna hafi verið seljabúskapur fyrir tíma býlisins. Kárasel gæti jafnvel hafa verið staðsett í Kárahólma á

tímabili og gætu nafnalíkindin bent til tengsla. Tóftir [3457-605], [3457-608] og [3457-618] í suðurhluta túnsins eru að öllum líkindum frá sama tíma og hjáleigan. Hins vegar bera tóftirnar norðan í túninu þess merki að vera gamlar. Þetta eru [3457-610], [3457-611], [3457-613], [3457-614], [3457-617] og loks tóft [3457-12] sem er sérstaklega fornleg og gæti hugsanlega verið af gömlu seli. Flestar eru tóftirnar þó hver annarri líkar og því erfitt að skera úr um hlutverk þeirra. Loks er þarna þúst [3457-615] sem sennilega geymir minjar og gæti líka verið frá eldra búskaparstigi.

Bæjarstæðið, allar tóftirnar þar í kring og aðrar minjar í og við túnið hafa tvímælalaust mjög mikið minjagildi og þarf að gæta mikillar varúðar í grennd við þetta svæði. Ekki er ráðlegt að gróðursetja of nálægt því þar sem skógurinn getur auðveldlega dreift úr sér.

Að lokum var skráð ein fornleg varða [3457-621] sem hefur verið vegvísir frá Heiði til Kárasels. Hún hefur nokkurt minjagildi en er alllangt fyrir utan skráningarsvæðið og því ekki í hættu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Einar H. Einarsson (1972). Sel í Mýrdal. *Goðasteinn: Tímarit um menningarmál, 11* (2), bls. 18-28.

*Herforingjaráðskort Dana*. (1904).

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

*Sunnlenskar byggðir: Skaftárþing* (VI). (1985). Búnaðarsamband Suðurlands.

Óbyggðanefnd. (2004, 10. desember). *Úrskurður Óbyggðanefndar: Mál nr. 6/2003 Mýrdalshreppur*.

Vera Roth. (2018). *Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu um aldamótin 1900*. Selfoss: Bókaútgáfan Sæmundur.

*Örnefnakort Landmælinga Íslands*. Sótt 15. júlí 2025 á: https://www.map.is/base/@502433,331942,z10,0.

### Árnastofnun – Örnefnasafn

*Örnefnaskrá Heiði*. Ari Gíslason.

### Þjóðskjalasafn Íslands

*Manntal 1845: Kárahólmur*. Sótt 15. júlí 2025 á: https://manntal.is/leit/K%C3%A1rah%C3%B3lmur/1845/1/1845.

*Manntal 1880: Kárahólmur*. Sótt 15. júlí 2025 á: https://manntal.is/leit/K%C3%A1rah%C3%B3lmur/1880/1/1880.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 3457-600 | Bæjarnafn | Stóra-Heiði | Gömul nr. | ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 222 |
| Svæði | Káraflöt | Sveitafélag | Mýrdalshreppur | Dagur | 01.07.2025 | Skráning | HJH-RKT-RT |
| Tegund | tóft | Hlutverk | sel | Flokkur | selsminjar | | |
| Sérheiti | Kárasel | Verndun | friðað | Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | illgreinanlegar | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Hætta tilefni | vegna skógræktar | Efni | torf og grjót | Aldur frá | 1000 | Aldur til | 1750 |
| Leid | Leið [640] | Horfin | nei | Horfin ástæða | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Veggjahæð frá | | Veggjahæð til | | Breidd veggjar | | | |
| Mæling | uppmæling | Túnakort | nei | Verkefna nr MÍ | 3457 | | |
| Isnet E | 502448,072 | Isnet N | 331764,956 | Heimildir | | | |
